

Myndmennt 4. bekkur 2021-2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Nemendur kynnist grunnþáttum myndlistar s.s. myndbyggingu, fjarvídd, litafræði, ljós og skugga og fræðist um menningar- og listasögu. Nemendur þjálfist í meðhöndlun og frágangi á viðeigandi efnum og verkfærum. Lögð er áhersla á frásagnar- og sköpunargleði og að einstaklingurinn njóti sín.

Í sjónlistum er nemandinn hvattur til þess að hugsa sjálfstætt, rannsaka upp á eigin spýtur og nýta ímyndunarafl sitt og gagnrýna hugsun og áhersla lögð á einstæðleika fjölbreytninnar og að hver og einn hafi eitthvað sérstakt fram að færa.

Námsáætlun

Skólaárið 2021-2022

Kennt tvisvar í viku.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið
	Hlustað meðan aðrir tala og af öryggi tjáð eigin hugsanir og skoðanir.
1. Umgengni og reglur skoðaðar. Mappa og möppuvinna.	Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. Unnið mjög vel eftir fyrirmælum og sjálfstætt. Jafnan virt skoðanir annarra og verið mjög skapandi við lausn verkefna.
1. Manneskja í umhverfi.	Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
Áhrif fjarlægðar og skörunar skoðuð í myndverki. Myndbygging.	Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
1. Borg í ljósaskiptum. Málun. Áhrif ljóssins.	Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
1. Geimsaga.	Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
Teikning, málun, litun.	Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
Unnið út frá ímyndunarafli.	Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
1. Leir og leirvinna.	Unnið mjög vel eftir fyrirmælum og sjálfstætt. Ávallt lagt sig fram við námið og nýtt tímann mjög vel.
1. Myndverk unnið út frá	Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.

Grunnþættir menntunar

1. Læsi:

Í sjónlistum gildir hið sjónræna en þegar skýra þarf út og túlka notum við orð og hugtök.

Dimmur, ljós, frumlitir, grunnform, flötur, o.s.vfr.

Auk þess orðum við tilfinningar. Dapur, reiður, glaður, hissa, fjarrænn o.s.vfr.

Þannig eru orð, orðskilningur og málnotkun samofin greininni, svo sem hvað lítur að verkfæranotkun, nöfnum á efniviði, verkfærum og vinnsluaðferðum, sögulegum þáttum, tjáningu og túlkun sem og listasögu.

Auk þess lesum við og segjum sögur þar sem torskilin orð og orðasamsetningar eru útskýrð og vinnum verkefni út frá frásögn.

2. Sjálfbærni:

Nýst er við endurvinnsluefni til að auka meðvitund um umhverfisvernd og það að nýta.

3. Lýðræði og mannréttindi

Lögð er áhersla á einstæðileika og mikilvægi sérhvers einstaklings og þá staðreynd hversu hversu mikil sköpun býr í fjölbreytninni.

Að sýna öðrum tillitsemi og virðingu og að hjálpast að skiptir miklu máli fyrir okkur öll.

4. Sköpun:

Í sjónlistum er nemandinn hvattur til þess að finna sínar úrlausnir og horfa og hugsa og rannsaka með opnum huga. Að leyfa sér að hugsa útfyrir rammann og treysta eigin hugviti.

Námsmat

Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og byggir á metanlegum hæfniviðmiðum sem valin hafa verið, ásamt því sem horft er til virkni, samvinnu, sjálfstæðis og vandaðra vinnubragða.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Virkti í tímum: Nám og viðfangsefni byggjast fyrst og fremst á virkni í tímum, einstaklingsvinnu og hópsamvinnu. Uppbyggingarstefnan: Í skólanum er unnið í anda Uppbyggingar (Restitution), sem einnig gengur undir nafninu Uppeldi til ábyrgðar.

Um er að ræða mannúðarstefnu sem leggur áherslu á að kenna sjálfstjórn og ýtir undir hæfni til að bera ábyrgð á eigin orðum og gerðum.

Mikilvægur þáttur í uppbyggingu er að öllum sé ljóst hvert sé hlutverk þeirra og lífsgildi. Virðing er leiðarljós í

samskiptum.

Skyldur nemenda: Að taka verkefnið alvarlega, allir vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitsemi og þróðmennsku, allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð, að virða jafnt nemendur sem kennara. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.

Skyldur kennara: Að taka verkefnið alvarlega, allir vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitsemi og þróðmennsku, allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð og virða nemendur. Kennari skal vera vel undirbúinn og miðla þekkingu til nemenda sinna.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sel - sjónlistir 4. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - sjónlistir 4. bekkur - Sjónlistir

- Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.

Sel - sjónlistir 4. bekkur - Tjáning og miðlun

- Hlustað meðan aðrir tala og af öryggi tjáð eigin hugsanir og skoðanir.

Sel - sjónlistir 4. bekkur - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Jafnan virt skoðanir annarra og verið skapandi við lausn verkefna.

Sel - sjónlistir 4. bekkur - Sjálfstæði og samvinna

- Unnið vel eftir fyrirmælum og sjálfstætt.

Sel - sjónlistir 4. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Ávallt lagt sig fram við námið og nýtt tímann mjög vel.